

Reykjavík 07.05.2021.

Á fundi Íbúaráðsins 23.mars 2021 var lagt fram erindi umhverfis- og skipulagssviðs dags 17. mars 2021 vegna ljósastýrðrar gönguþverunar yfir Lönguhlíð við Blönduhlíð. (sjá viðhengi). Áður hafði formaður ráðsins fundað með fulltrúum á umhverfis og skipulagssviði vegna málsins.

Á fundinum var formanni falið að kanna viðhorf foreldrafélaga og íbúasamtaka til erindisins.

Formaður sendi erindi á íbúasamtök þriðja hverfis og formann foreldrafélags Hlíðaskóla og óskaði eftir þeirra álit.

Íbúasamtökin sendu tillögurnar inn á helstu hverfissíður og gáfu fjölmargir íbúar sér tíma til þess að gefa álit á því hvort að gönguljós ættu að vera á sama stað og áður, taka þau alveg í burtu eða færa þau norðar.

Íbúasamtökin tóku erindið svo fyrir á fundi sínum en komust ekki að niðurstöðu. Íbúaráðið tók erindið aftur fyrir á fundi sínum 27.apríl og óskuðu fulltrúar í ráðinu eftir frekari upplýsingum.

Samþykkt var að óska eftir fundi með skrifstofu samgöngustjóra til að koma á viðhorfum íbúa á framfæri gefa fulltrúum í ráðinu kost á að spyrjast fyrir um málið. Fundurinn var haldinn miðvikudaginn 5.maí 2020.

Í kjölfar þess komust íbúasamtökin að þeirri niðurstöðu að leið 3, að færa ljósin norðan væri besti kosturinn í stöðunni og fylgir ályktun og rökstuðningur í fylgiskjali með póstinum.

Íbúaráð tekur undir með Íbúasamtökunum að vel ígrunduðu máli. Öryggi barna, gangandi og hjólandi yfir götuna er til grundvallar í því mati.

Margrét Norðdahl, formaður íbúaráðs Miðborgar og Hlíða.